



## Aðalfundur Alfesca hf. verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík, þriðjudaginn 18. nóvember 2008 klukkan 13:00

### Eftirtalin mál eru á dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningar félagsins fyrir síðastliðið starfsár, ásamt athugasemdum endurskoðenda.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á síðastliðnu reikningsári.
4. Ákvörðun stjórnarlauna.
5. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
6. Kjör stjórnar til eins árs.
7. Kosning endurskoðenda.
8. Tillaga um að heimila félaginu að kaupa eigin hlutabréf.
9. Tillaga um breytingar á samþykktum:

Tillaga um breytingu á ákvæði samþykktu félagsins sem viðkemur rafrænni þátttöku hluthafa. Stjórn veitt heimild til að ákveða hvort og hvernig rafrænni þátttöku hluthafa er háttáð og atriði er viðkoma framkvæmd slíkrar þátttöku hluthafa skýrð.

10. Tillaga um arðstefnu félagsins.

11. Önnur mál.

Fundarstörf fara fram á ensku.

Til þess að tillögur frá hluthöfum sem leggja á fyrir á fundinum verði teknar til umræðu á fundinum verður að skila þeim til stjórnar félagsins eigi síðar en sjö dögum fyrir fundinn.

Dagskrá fundarins, ársskýrslur og endanlegar tillögur verða aðgengilegar hluthöfum á skrifstofum félagsins að Kringlunni 7, 103 Reykjavík, sjö dögum fyrir fundinn.

Atkvæðaseðlar og önnur gögn verða aðgengileg á fundarstað sem og á skrifstofum félagsins fimm dögum fyrir fundinn.

Hluthöfum er gefinn kostur á að greiða atkvæði um tillögur eða taka þátt í kosningum bréflega. Geta hluthafar óskað eftir að fá atkvæðaseðla senda og skal skrifleg beiðni þar um hafa borist skrifstofu félagsins fimm dögum fyrir fundinn. Einnig geta hluthafar vitjað atkvæðaseðla sinna á skrifstofu félagsins frá sama tíma eða greitt þar atkvæði. Atkvæði þannig greidd skulu hafa borist skrifstofu félagsins fyrir upphaf fundar.

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu félagsins, [www.alfesca.com](http://www.alfesca.com).